

29.01.–15.05.2022

Birgir Andrésson

# Eins langt og augað eygir As Far as the Eye Can See

# Eins langt og augað eygir

Árið 2005 skrifðaði listamaðurinn Birgir Andrésson (1955–2007): „Ég sé sjálfan mig sem ég hafi verið getinn í „blindni“.“ Hann virðist þarna vísa í blinda foreldra sína og uppþoxt á Blíndraheimilinu í Reykjavík, en um leið vísa gæsalappirnar utan um orðið „blindni“ og síðari athugasemd hans: „það er hrein heppni ... einfaldlega að vera hluti af þessari vitleysu,“ um það afgerandi listræna sjónarhorn sem óvenjuleg barnæskan veitti honum.

Árið 1989 hóf Birgir að vinna með hugtakið nálægð. Orðið víesar til kennigar þýska heimspekinsins Martins Heidegger (1889–1976) á miðri tuttugustu öldinni og vera má að Birgir hafi fyrst rekist á það seint á áttunda áratugnum þegar hann var við nám í Hollandi, sem þá var gróðrarstíða hugmyndalistar. Í augum Heideggers er nálægð mótsögn, hún staðfestir vangetu mannsins til að skilja grundvallarleynardóma lífsins, byggt á þeirri hugmynd að því nær sem maður kemst slíkum sannleik, þeim mun betur skynjar maður fjarlægð hans. Hins vegar er nálægð Birgis fremur pólitisk en heimspekileg; hún skapar áframhaldandi spennu á milli alþjóðlegra, framsækenna listaforma og þjóðlegra, íslenskra viðfangsefna. Þótt titill vegg-myndarinnar *Eins langt og augað eygir* gefi til kynna ótakmarkað útsýni og grafi þannig undan sérstöku sjónarhorni nálægðarinnar, er skynjun í verkum Birgis háð sýn og hugmyndafræði. Hvor tveggja nálgunin getur þanist út en stundum geta þær líka verið takmarkandi og í þeim mun liggur lykillinn að verkum hans.

Hugmyndalist Birgis byggist á notkun tungumáls, ljósmyndunar, skjalarannsóknna og aðlögun til að fagna íslenskum menningarhefðum, gagnrýna þær og endurskoða með stuðningi þurrar kímnigáfu. Sérstaklega er eftirtektarvert hve mikla virðingu Birgir sýnir áhorfendunum, sem kemur fram í því hvernig list hans rokkar á milli hins fyrirséða og hins óvænta, hins nálæga og hins fjarlæga. Pannig býður hann Íslendingum og öðrum að ihuga stöðu sína og hefðir í hnattrænum heimi. Á þessari sýningu eru verk sem sýna íslensk frímerki frá 1930, hönnuð af þjóðverja í Austurríki; stækkaðar ljósmyndir af flækingum nítjándu og upphafi tuttugustu aldar, auk ítarlegra textalýsinga á íslenskum einstaklingum, gerólíkum hetjum Íslendingasagn-

anna. Þessi yfirlitssýning inniheldur einnig grunnmyndir íslenskra torfbæja, umbreyttum í myndletur fyrir nýja tegund af myndljóðum; ullarfána, þrónaða í sauðalitunum; og málningu sem sögð er „íslensk“ þótt notast sé við bandarískt Pantone og sænskt NCS litakerfi. Í ofanálag sýna verk Birgis útlendrar plöntur ræktaðar í Ora-niðursuðudósum; hús og byggingar sem nefnd hafa verið eftir borgum, löndum og svæðum viðs vegar um heiminn; og samsafn íslenskra grátóna, tekið saman af útlendingi, hinum virta enska listamanni, ljóðskáldi og hönnuði Viktoriútímans, William Morris. Á heildina litid nær list Birgis yfir ótrúlega vitt svið sem byggist á þjóðlegum/alþjóðlegum mótsögnum, eins og nokkurs konar viðbrögð við *Sjálfstæðu fólk*, skáldsögu Halldórs Laxness frá 1934–35. Á svipaðan hátt og sá makalausi skáldskapur veitir list Birgis ferska og háðska sýn á þætti íslenskri menningu og kemst að því að þeir eru allrar athygli verðir.

Margir samtímalistamanna Birgis minnast „mildrar kímnigáfu“ hans og „hlýrrar kaldhæðni“. Fyrverandi nemandi hans, hinn heimskunni listamaður Ragnar Kjartansson, hefur talað um „djúpstæðan kærleik Birgis í garð mannkynsins og tilfinningu hans fyrir fólk.“ Náinn vinur hans, hinn frægi bandaríski hugmyndistamaður Lawrence Weiner, hefur rifjað upp að hann hlakkaði alltaf til að hitta Birgi og minntist hans ekki eingöngu sem manns sem bjó til hluti heldur listamanns sem var vel að sér í kvennungum og dró stöðugt aðra og sjálfan sig í efa. Hann tók þátt í fjölmörgum einka- og samsýningum á Íslandi og í Evrópu. Fjórum árum eftir einkasýningu sína í Listasafni Reykjavíkur 1991, var Birgir valinn fulltrúi Íslands á Feneyjatværingnum. Árið 2000 var einkasýning á verkum hans haldin í Listasafni Íslands og 2006 yfirlitssýning ferils hans hjá sömu stofnun. Bókmenntaráyrnirinn og ritstjórin Pröstur Helgason skrifða rit um list Birgis 2011, þar sem hann skrásetur margar forvitnilegar og djúpsæjar sögur hans. Árið 2017 festi Metropolitan-listasafnið í New York kaup á veggmynd Birgis, *Eins langt og augað eygir*, í viðleitni til að styrkja alþjóðlega listaverkeign sína. Titill verksins er jafnframt yfirkrift númerandi yfirlitssýningar á verkum Birgis.

Dr. Robert Hobbs  
Sýningstarjóri

# As Far as the Eye Can See

In 2005, conceptual artist Birgir Andrésson (1955–2007) wrote “I see myself as conceived in ‘blindness.’” While he appears to be referencing his blind parents and childhood in the Reykjavík Blind People’s Home, the single quotation marks around the word ‘blindness’ and his later observation, “it is pure luck... just to be a part of this rigmarole,” point to the distinct artistic perspective this exceptional upbringing provided.

In 1989, Birgir adopted the concept *nearness* for his work. The word refers to the mid-twentieth-century theory proposed by German philosopher Martin Heidegger (1889–1976), and Birgir may have first encountered it in the late 1970s as a student in the Netherlands, then a hotbed of conceptual art. For Heidegger, *nearness* is a paradox; it affirms one’s inability to comprehend life’s ultimate mysteries, based on the idea that the closer one gets to such truths, the more one becomes aware of their distance. However, Birgir’s *nearness* is political rather than philosophical: it sets up ongoing tensions between international cutting-edge artistic forms and traditional Icelandic subjects. Although the title of his mural *As Far as the Eye Can See* suggests limitless views, thus undermining *nearness*’s distinct perspective, Birgir’s art views perception in terms of vision and ideology: both approaches are potentially expansive, but sometimes they can be limiting, and this difference is key to his work.

Birgir’s conceptual art relies on the strategies of language, photography, archival research, and reframing to celebrate, critique, and question Icelandic cultural traditions with dry humor. Particularly noteworthy is his great respect for his viewers, evident in his art’s shifts between the expected and the unanticipated as well as the near and the far, so that Icelanders and others are invited to reflect on themselves and their traditions in a global world. Works in this exhibition include Icelandic postage stamps from 1930 designed by a German working in Austria; blown-up photographs of nineteenth- and early-twentieth-century vagabonds as well as detailed text portraits of Icelandic individuals, who differ from saga heroes. This retrospective also includes floor plans of indigenous turf houses transformed into hieroglyphs for a new type of concrete poetry; woollen

national flags knitted in the natural hues of the island’s sheep; and paints touted as “Icelandic” even as they employ internationally adopted American Pantone and Swedish NCS color-matching systems. In addition, Birgir’s series comprise foreign plants grown in Ora food cans; local houses and buildings named for cities, countries, and regions around the world; and a medley of Icelandic greys composed by an outsider, the respected Victorian English artist, poet, and designer William Morris. Altogether, one can appreciate Birgir Andrésson’s impressive range, which is predicated on national/global oppositions, as a response to Halldór Laxness’s 1934–35 novel *Independent People*. Similar to this extraordinary epic, Birgir’s art looks afresh and with assured irony at aspects of Icelandic culture and finds them truly remarkable.

Many of Birgir’s peers have recalled his “gentle humor” and “warm irony.” His former student, the internationally acclaimed artist Ragnar Kjartansson has spoken of Birgir’s “deep, deep love of humanity coupled with a sense of people.” His close friend, the legendary American conceptual artist Lawrence Weiner, has recalled always looking forward to seeing Birgir and remembers him as not just a maker of objects but an artist well versed in theory, who was constantly questioning others as well as himself. During his lifetime, he was featured in numerous solo and group shows in Iceland and Europe. Four years after his 1991 solo show at the Reykjavík Art Museum, Birgir was selected to represent Iceland at the Venice Biennale. In 2000, the National Gallery of Iceland featured his pieces in a solo exhibition; and then in 2006, this same institution organized a retrospective of his work. In 2011, the literary critic and editor Þróstur Helgason wrote a monograph on Birgir’s work in which he chronicles many of his intriguing and insightful stories. More recently, in 2017, New York’s Metropolitan Museum of Art acquired Birgir’s 2004 mural *Eins langt og augað eygir* (*As Far as the Eye Can See*) when bolstering its collection of recent international art, and this work’s title serves as the subtitle for the present retrospective of his work.

Robert Hobbs, PhD  
Curator

**Birgir Andrésson**  
**Eins langt og augað eygir**  
As Far as the Eye Can See  
29.01.–15.05.2022

**Listasafn Reykjavíkur**  
Reykjavík Art Museum  
Kjarvalsstaðir

**Sýningarstjórn** Curator  
**Dr. Robert Hobbs**

**Sýningarhönnun** Exhibition Design  
**Ásmundur Hrafn Sturluson**

**Þýðing** Translation  
Ingunn Snædal

**Beinar tilvitnanir í Birgi fengnar**  
úr skjalasafni listamannsins  
Direct quotes by Birgir are  
from the artist's archive

**Út er komin ný og vegleg bók**  
um feril listamannsins sem  
er til sölu í safnverslun

A new and comprehensive book  
has been published on the artist,  
available in the museum store

**Upplýsingar um leiðsagnir**  
**og aðra viðburði á heimasiðu safnsins**  
Information on guided tours and  
other events on museum website

**Stórir og smáir hópar**  
**geta bókað sérleiðsögn**  
Small or large groups can book private tours

**Á sýningunni eru verk úr eigu**  
**Listasafns Reykjavíkur ásamt verkum**  
**úr eigu ýmissa stofnana og einkaaðila:**  
The exhibition features works from the  
collection of Reykjavík Art Museum and  
other museums and collections:  
**Metropolitan safnið í New York**  
The Metropolitan Museum of Art  
**Listasafn Íslands**  
National Gallery of Iceland  
**Listasafn Háskóla Íslands**  
University of Iceland Art Collection  
**Nýlistasafnið**  
Living Art Museum  
**og fleiri** and others

**Listasafn Reykjavíkur þakkar öllum sem**  
**aðstoðuðu við undirbúning sýningarinnar:**  
Reykjavík Art Museum wishes to thank  
everyone who contributed to the making  
of the exhibition:  
**Fjölskylda listamannsins**  
The artist's family  
**Börkur Arnarson**  
**i8 galleri** i8 Gallery  
**og fleiri** and others

**Sýningin nýtur stuðnings Arion banka**  
The exhibition is supported by Arion Bank



Kjarvalsstaðir  
Flókagata 24  
105 Reykjavík  
+354 411 6420

Opð daglega  
Frá 10.00 til 17.00  
**Open daily**  
10h00–17h00

[listasafnreykjavikur.is](http://listasafnreykjavikur.is)  
[artmuseum.is](http://artmuseum.is)  
#listasafnreykjavikur  
#reykjavikartmuseum

Myndlistarsjóður  
Icelandic Visual  
Arts Fund

